

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um eigu ríkissjóðs
á landi og lóðum í Reykjanesbæ.

Frá Ingibjörgu Isaksen.

1. Hve stórt landsvæði er í eigu ríkissjóðs í Reykjanesbæ?
2. Hve stórt landsvæði er í eigu ríkissjóðs í öðrum sveitarfélögum?
3. Hve margar lóðir eru í eigu ríkissjóðs í Reykjanesbæ? Hve margar lóðanna eru:
 - a. óbyggðar,
 - b. undir atvinnu- eða þjónustuhúsnæði,
 - c. undir íbúðarhúsnæði?
4. Hverjar eru árlegar tekjur ríkisins, síðastliðin fimm ár, af lóðarleigu og/eða vegna annarra gjalda af:
 - a. lóðum sem eru undir atvinnu- eða þjónustuhúsnæði í Reykjanesbæ,
 - b. lóðum sem eru undir íbúðarhúsnæði í Reykjanesbæ?
5. Er lóðareign ríkisins í öðrum sveitarfélögum sambærileg þeirri sem er í Reykjanesbæ? Ef svo er, í hvaða sveitarfélögum á ríkið lóðir, hve margar lóðir og hvers konar lóðir (t.d. óbyggðar lóðir, atvinnu- eða þjónustuhúsnæðislóðir, íbúðarhúsalóðir)?
6. Hverjar eru heildartekjur ríkisins af lóðarleigu vegna íbúðarhúsnæðis í öðrum sveitarfélögum en Reykjanesbæ?
7. Hver var eignfærð fjárhæð lands og lóða þegar ríkissjóður tók yfir eignir varnarliðsins á Ásbrú?
8. Kemur til greina að nýta það umframfjármagn sem fæst við sölu á byggingarrétti lóðanna á Ásbrú að hluta eða heild sinni til innviðauppbyggingar þar?

Skriflegt svar óskast.